




Lokum gatinu

Styrkir til uppbyggingar hleðsluinnviða



Lokum gatinu: Styrkir til uppbyggingar hleðsluinnviða

Apríl 2026

Útgefandi: Loftslags- og orkusjóður

Útgáfunúmer: UOS-2026:09

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.orkusjodur.is

Efnisyfirlit

Hluti I — Auglýsing	5
Hluti II — Handbók	7
1.1 Hlutverk Loftslags- og orkusjóðs.....	7
1.2 Lagastoð.....	7
1.3 Áherslur stjórnar vegna hleðsluinnviða	7
1.4 Markmið styrkjanna	7
2.1 Heildarfjárhæð	8
2.2 Styrkhlutfall og hámark	8
2.3 Greiðsluskipan.....	8
3.1 Hverjir geta sótt um.....	8
3.2 Verkefnaflokkar.....	9
3.2.1 Flokkur A — Hleðslustöðvar í þéttbýli	9
3.2.2 Flokkur B — Hleðslustöðvar við þjóðvegakerfi	9
3.3 Tæknilegar lágmarkskröfur	9
3.4 Rekstrarskuldbinding.....	10
4.1 Viðurkenndur kostnaður	10
4.2 Ekki styrkhæfur kostnaður.....	10
5.1 Umsóknargátt	11
5.2 Efni umsóknar	11
5.3 Fylgigögn.....	11
5.4 Frestir.....	11
5.5 Leiðbeiningar um góða umsókn.....	12
6.1 Yfirlit.....	12
6.2 Formlegt mat á styrkhæfi	12
6.3 Faglegt mat fagráðs.....	12

6.4	Matsþættir og vægi	12
6.5	Forgangsröðun	13
6.6	Ákvörðun stjórnar	13
6.7	Samskipti við umsækjendur á matstímabili	13
7.1	Tilkynning um niðurstöðu	13
7.2	Samningur	14
7.3	Greiðsluskipan	14
7.4	Gildistími samnings og framlenging	14
8.1	Tilkynningarskylda á verktíma	14
8.2	Lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör	14
8.3	Eftirlit á rekstartíma	15
8.4	Kynningarefni og merki sjóðsins	15
8.5	Varðveisla gagna	15
8.6	Birting upplýsinga	15
9.1	Forsendur endurkröfu	15
9.2	Hlutfallsleg endurkrafa vegna rekstrarloka	16
9.3	Lægri kostnaður en áætlað	16
10.1	Hæfi og vanhæfi	16
10.2	Meðferð trúnaðarupplýsinga	16
10.3	Misferli og rangar upplýsingar	16
10.4	Tengiliðir og fyrirspurnir	17

Hluti I — Auglýsing

Styrkir til uppbyggingar hleðsluinnviða

Loftslags- og orkusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla á Íslandi. Markmið átaksins er að tryggja sterkt og þétt net hraðhleðslustöðva um land allt og styðja þannig við orkuskipti í samgöngum og loftslagsmarkmið stjórnvalda.

Markmið

Styrkjunum er ætlað að tryggja lágmarksaðgang að hleðsluinnviðum um allt land. Sérstök áhersla er lögð á að í hverjum þéttbýlisstað á Íslandi sé aðgangur að hraðhleðslustöð og að hvergi á þjóðvegakerfi landsins verði lengra en 100 km á milli hraðhleðslustöðva.

Auglýst er eftir verkefnum:

- Í öllum þéttbýlisstöðum þar sem ekki eru hraðhleðslustöðvar nú þegar eða hleðsluinnviðir eru ófullnægjandi (verkefnaflokkur A).
- Á stöðum á þjóðvegakerfinu þar sem lengst er á milli hraðhleðslustöðva (verkefnaflokkur B).

Heildarfjárhæð til úthlutunar

Heildarfjárhæð til úthlutunar er allt að 150 m.kr.

Styrkhlutfall og hámark

- Styrkur nemur allt að 50% af styrkhæfum kostnaði án virðisaukaskatts.
- Hámarksstyrkur er 20 m.kr. á hvert verkefni.
- Styrkur greiðist í einni greiðslu eftir að verkefni er lokið og lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

Hverjir geta sótt um

Umsækjendur skulu vera lögaðilar með þekkingu og reynslu af uppsetningu og/eða rekstri hraðhleðslustöðva. Einstaklingar og lögaðilar í ótengdum rekstri (svo sem gististaðir og veitingastaðir) eru ekki styrkhæfir. Sjá nánar í handbók.

Helstu skilyrði verkefna

- Hleðslustöðvar á þjóðvegakerfinu skulu hafa að lágmarki 300 kW afl á allt að tveimur tenglum samtímis en 200 kW vegna hraðhleðslustöðva í þéttbýli. Þær skulu jafnframt styðja hleðslu 800 V bifreiða.

- Stöðvar skulu taka við snertilausum greiðslum með greiðslukortum.
- Stöðvar skulu vera aðgengilegar öllum allan sólarhringinn. Aðgengi hreyfihamlaðra skal tryggt.
- Styrkþegi skuldbindur sig til að reka stöðina í að lágmarki 5 ár frá gangsetningu.
- Sjá frekari skilyrði í handbók.

Umsóknarfrestur

Opnað verður fyrir umsóknir 1. maí 2026 og lokafrestur er 1. júní kl. 15:00. Umsóknir skulu berast í gegnum rafrænt umsóknarkerfi á orkusjodur.is.

Nánari upplýsingar

Nánari lýsing á umsóknarferli, kröfum, fylgigögnum og matsferli er í handbók sem fylgir þessari auglýsingu. Spurningum má beina á orkusjodur@uos.is. Svör við almennum fyrirspurnum verða birt í „Spurt og svarað“ á vef sjóðsins.

Hluti II — Handbók

Handbók þessi lýsir markmiðum, skilyrðum, umsóknarferli, matsferli, samningsgerð og eftirfylgni vegna styrkja til uppbyggingar hleðsluinnviða. Handbókin byggir á reglugerð nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð.

1 Inngangur

1.1 Hlutverk Loftslags- og orkusjóðs

Loftslags- og orkusjóður stuðlar að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda Íslands með stuðningi við verkefni sem miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut innlendra endurnýjanlegra orkugjafa. Sjóðurinn styður auk þess verkefni sem stuðla að orkuöryggi, samkeppnishæfni í orkumálum og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Umhverfis- og orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins undir yfirstjórn stjórnar.

1.2 Lagastoð

Um Loftslags- og orkusjóð gilda lög nr. 76/2020 um Loftslags- og orkusjóð og reglugerð nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð með síðari breytingum. Ákvæði II. kafla reglugerðarinnar um úthlutunarreglur (7.–16. gr.) eiga við um styrki til hleðsluinnviða að svo miklu leyti sem þau samræmast skilyrðum þessarar auglýsingar og handbókar.

1.3 Áherslur stjórnar vegna hleðsluinnviða

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs hefur ákveðið að ráðast í sérstakt átak til uppbyggingar hraðhleðslustöðva til að loka þeim götum sem enn eru í hleðsluneti landsins. Átakið styður við markmið stjórnvalda um full orkuskipti í samgöngum og bætt aðgengi íbúa og ferðamanna að hleðsluinnviðum um allt land.

1.4 Markmið styrkjanna

- Tryggja að í hverju þéttbýli á Íslandi sé aðgangur að hraðhleðslustöð.
- Tryggja að hvergi á þjóðvegakerfinu verði lengra en 100 km á milli hraðhleðslustöðva.
- Stuðla að jafnara aðgengi að hleðsluinnviðum milli landshluta.

2 Um styrkina

2.1 Heildarfjárhæð

Til ráðstöfunar í þessu átaki eru 150 m.kr. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta lægri heildarfjárhæð en auglýst er ef ekki berast nægjanlega margar styrkhæfar umsóknir.

2.2 Styrkhlutfall og hámark

Liður	Ákvæði
Styrkhlutfall	Allt að 50% af styrkhæfum kostnaði án vsk.
Hámark á verkefni	20 m.kr.
Lágmark á verkefni	Ekkert sérstakt lágmark
Mótframlag umsækjanda	Að lágmarki 50% af heildarkostnaði

2.3 Greiðsluskipan

Styrkupphæð greiðist í einni greiðslu eftir að verkefni hefur verið tekið í notkun og lokaskýrsla ásamt fylgigögnum eru samþykkt af sjóðnum.

3 Styrkhæfi

3.1 Hverjir geta sótt um

Umsækjendur skulu vera lögaðilar sem:

- Hafa þekkingu og reynslu af uppsetningu og/eða rekstri hraðhleðslustöðva eða sambærilegra innviða.
- Hafa fjárhagslega burði til að framkvæma verkefnið og reka stöðina í að lágmarki 5 ár.

Eftirtaldir eru ekki styrkhæfir:

- Einstaklingar.
- Lögaðilar í ótengdum rekstri þar sem uppsetning eða rekstur hleðslustöðvar er ekki kjarnahluti starfseminnar, s.s. gististaðir, veitingastaðir, verslanir.
- A-hluta ríkisaðilar.
- Lögaðilar í vanskilum við ríkissjóð.

3.2 Verkefnaflokkar

Auglýst er eftir verkefnum í tveimur flokkum. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn hvorum flokki verkefnið tilheyrir. Sama umsækjanda er heimilt að sækja um í báðum flokkum og um fleiri en eitt verkefni. Verkefnum skal lokið innan 12 mánaða frá tilkynningu um styrkveitingu.

3.2.1 Flokkur A — Hleðslustöðvar í þéttbýli

Verkefni sem fela í sér uppsetningu nýrrar hraðhleðslustöðvar í þéttbýli þar sem slíkir innviðir eru ekki til staðar eða eru ófullnægjandi. Verkefnið þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Í þéttbýlinu er minna en 150 kW af heildaraflí hraðhleðslustöðva fyrir uppsetningu verkefnisins. Hleðslustöðvar teljast hraðhleðslustöðvar þegar þær eru 50 kW eða stærri.
- Meira en 20 km eru í næstu hraðhleðslustöðvar með að lágmarki 300 kW heildarafl.
- Til þéttbýla teljast byggðakjarnar með að lágmarki 50 íbúa.
- Staðsetning stöðvarinnar er aðgengileg almenningi og í samræmi við skipulag sveitarfélagsins.

3.2.2 Flokkur B — Hleðslustöðvar við þjóðvegakerfi

Verkefni sem fela í sér uppsetningu nýrrar hraðhleðslustöðvar við þjóðvegakerfið þar sem langt er í næstu stöð. Verkefnið þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Verkefnið er staðsett á milli hraðhleðslustöðva, þar sem samanlagt afl í rekstri eða með staðfestri uppsetningu er undir 300 kW, og akstursfjarlægð milli stöðvanna er 100 km (10% vikið) eða meira. Hleðslustöðvar teljast hraðhleðslustöðvar þegar þær eru 50 kW eða stærri.
- Staðsetningin er við eða í næsta nágrenni við þjóðvegakerfið og aðgengi tryggt allan ársins hring.
- Samráð skal haft við Vegagerðina vegna verkefnisins.

3.3 Tæknilegar lágmarkskröfur

Allar hleðslustöðvar sem styrktar eru skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

Krafa	Skilgreining
Afl	Hver ný hleðslustöð í flokki A skal hafa að lágmarki 200 kW heildarafl á allt að tveimur tenglum samtímis. Hver ný hleðslustöð í flokki B skal hafa að lágmarki 300 kW á allt að tveimur tenglum samtímis.
Spenna	Stöðin skal styðja hleðslu 800 V bifreiða.
Greiðslumáti	Snertilaus greiðsla með greiðslukortum skal vera möguleg beint á stöðinni, án þess að sérstakt forrit eða áskrift þurfi.

Krafa	Skilgreining
Aðgengi	Stöðin skal vera aðgengileg öllum, óháð viðskiptasambandi, allan sólarhringinn. Aðgengi hreyfihamlaðra skal tryggt.
Öryggis- og CE-vottun	Búnaður skal uppfylla viðeigandi öryggis- og CE-kröfur sem gilda á EES-svæðinu.

3.4 Rekstrarskuldbinding

Styrkþegi skuldbindur sig til að reka hleðslustöðina samfelld í að lágmarki fimm ár frá gangsetningu. Ef rekstur er lagður af eða stöðin tekin úr notkun innan þessa tímabils getur sjóðurinn krafist endurgreiðslu á hluta eða öllum styrknum, sbr. kafla 9.

4 Styrkhæfur kostnaður

4.1 Viðurkenndur kostnaður

Styrkur tekur fyrst og fremst til fjárfestingarkostnaðar við uppsetningu hleðslustöðvar. Eftirfarandi kostnaðarliðir eru styrkhæfir:

- Kaupverð hleðslubúnaðar (s.s. hleðslustöð og tengdur búnaður).
- Rafhlaða til álagsdreifingar ef við á, rökstuðningur á þörf skal fylgja umsókn.
- Uppsetningarkostnaður, þ.m.t. jarðvinna, undirstöður og frágangur.
- Raflagnir frá tengipunkti dreifiveitu að stöðinni.
- Tengikostnaður við dreifiveitu að því marki sem hann telst fjárfesting í verkefninu.

4.2 Ekki styrkhæfur kostnaður

Eftirfarandi telst ekki styrkhæfur kostnaður:

- Launakostnaður umsækjanda.
- Rekstrarkostnaður stöðvar eftir gangsetningu.
- Orkukostnaður (raforka).
- Viðhald og varahlutir.
- Virðisaukaskattur.
- Kostnaður sem stofnað var til áður en umsókn barst sjóðnum.
- Fjármagnskostnaður og vextir.

5 Umsókn

5.1 Umsóknargátt

Umsóknum skal skilað í rafrænu umsóknarkerfi á orkusjodur.is á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsóknir sem berast með öðrum hætti eða eftir auglýstan frest verða ekki teknar til meðferðar.

5.2 Efni umsóknar

Umsókn skal innihalda:

1. Almennar upplýsingar um umsækjanda: nafn, kennitala, heimilisfang, tengiliður og samstarfsaðilar ef við á.
2. Verkefnislýsing: staðsetning, verkefnaflokkur (A eða B), lýsing á fyrirhuguðum búnaði, afl, fjölda tengla og þjónustuframboði.
3. Staðsetningargreining: fjarlægð í næstu hraðhleðslustöðvar, uppsett afl á svæðinu og rökstuðningur fyrir vali á staðsetningu.
4. Tíma- og verkáætlun: áfangar, lykildagsetningar og áætluð gangsetning.
5. Sundurliðuð kostnaðaráætlun með og án vsk.
6. Fjármögnunaráætlun: eigin framlag, lán, aðrir styrkir.
7. Staðfesting á rekstrarskuldbindingu í að lágmarki 5 ár.

5.3 Fylgigögn

Fylgigagn	Athugasemd
Vilyrði lóðarhafa	Staðfesting á heimild til uppsetningar á tilgreindri staðsetningu.
Staðfesting dreifiveitu	Staðfesting á mögulegri tengingu og áætlaður stofnkostnaður tengingar.
Tæknilýsing búnaðar	Gögn sem staðfesta afl, fjölda tengla, 800 V stuðning, CE-vottun og greiðslumáta. Sé rafhlaða til álagsdreifingar hluti af verkefninu skal rökstyðja það sérstaklega.
Reynsla og þekking	Stutt samantekt á fyrri verkefnum, þekkingu starfsfólks og samstarfsaðila.

5.4 Frestir

Umsóknartímabil er 1. maí 2026– 1. júní 2026 kl. 15:00. Umsóknargátt lokar sjálfkrafa við lok frestsins. Gert er ráð fyrir að úthlutun liggi fyrir innan 12 vikna frá lokun umsóknargáttar.

5.5 Leiðbeiningar um góða umsókn

- Hafðu verkefnislýsingu skýra, hnitmiðaða og rökstudda.
- Sýndu fram á hvernig verkefnið uppfyllir skilyrði fyrir viðkomandi flokk (A eða B), t.d. með korti og fjarlægðarmælingum.
- Leggðu fram raunhæfa kostnaðar- og fjármögnunaráætlun.
- Gættu þess að öll fylgigögn séu með frá upphafi, umsóknum með ófullnægjandi gögnum er heimilt að vísa frá.

6 Matsferli

6.1 Yfirlit

Matsferlið skiptist í fjögur skref:

1. Formlegt mat á styrkhæfi (móttaka og frumathugun).
2. Faglegt mat fagraðs á gæðum og innihaldi umsóknar.
3. Forgangsöröðun og greinargerð fagraðs.
4. Ákvörðun stjórnar Loftslags- og orkusjóðs.

6.2 Formlegt mat á styrkhæfi

Starfsfólk sjóðsins fer yfir hverja umsókn og meta hvort hún uppfylli formleg skilyrði:

- Umsókn barst innan frests í réttu kerfi.
- Umsækjandi er styrkhæfur lögaðili skv. kafla 3.1.
- Verkefni fellur undir flokk A eða B og uppfyllir grunnskilyrði viðkomandi flokks.
- Öll tilskilin fylgigögn liggja fyrir.

Umsóknum sem uppfylla ekki formleg skilyrði er vísað frá með rökstuddri ákvörðun.

6.3 Faglegt mat fagraðs

Fagrað metur allar styrkhæfar umsóknir faglega og skilar stjórn skriflegri greinargerð með tillögu um forgangsöröðun. Fagrað skal hafa þekkingu á orkumálum, samgöngum, rafbílum og innviðauppbýggingu.

6.4 Matsþættir og vægi

Fagrað metur umsóknir eftir eftirfarandi matsþáttum. Vægi hvers þáttar endurspeglar markmið átaksins:

Matspáttur	Lýsing	Vægi
Fjarlægð í næstu stöð	Fjarlægð í næstu hraðhleðslustöð með ≥ 300 kW afli. Því lengra, því meiri ávinningur af nýrri stöð.	50%
Gæði búnaðar og framboð	Afl umfram lágmark, fjöldi tengla, áreiðanleiki búnaðar, þjónustustig og aðgengi.	20%
Fjárhagsgrundvöllur	Raunhæfni kostnaðar- og fjármögnunaráætlunar, fjárhagsstaða umsækjanda og líkur á að stöðin verði rekin í að lágmarki 5 ár.	15%
Tímaáætlun og raunhæfni verkefnis	Raunhæfni tímaáætlunar, reynsla umsækjanda og staða leyfa, vilyrða og tenginga við dreifiveitu.	15%

Fagráð gefur hverri umsókn einkunn 0–5 fyrir hvern matspátt. Lokaeinkunn er vegið meðaltal einkunna. Umsóknir með lokaeinkunn undir 2,5 teljast ekki styrkhæfar.

6.5 Forgangsröðun

Fagráð raðar styrkhæfum umsóknum í forgangsröð eftir lokaeinkunn. Ef tvær eða fleiri umsóknir fá sömu einkunn ræður þörf og ávinningur (matspáttur 1) forgangi. Meti fagráð fleiri en eitt verkefni á sama svæði styrkhæft hefur aðeins verkefnið með hærri einkunn möguleika á styrk. Fagráð skilar stjórn skriflegri greinargerð þar sem fram koma einkunnir, forgangsröðun og rökstuðningur.

6.6 Ákvörðun stjórnar

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingar. Ákvarðanir stjórnar eru endanlegar á stjórnarsýslustigi. Öllum umsækjendum er tilkynnt um niðurstöðu með umsögn. Nöfn styrkþega, heiti verkefna og upphæðir eru birtar á vef Umhverfis- og orkustofnunar.

6.7 Samskipti við umsækjendur á matstímabili

Umsækjendur skulu ekki hafa samband við stjórn eða fagráð á meðan matsferli stendur yfir. Starfsfólk sjóðsins má hafa samband við umsækjanda til að kalla eftir viðbótargögnum eða skýringum. Almennar fyrirspurnir um ferlið skulu sendar á orkusjodur@uos.is.

7 Samningar og greiðslur

7.1 Tilkynning um niðurstöðu

Umsækjendum er tilkynnt um niðurstöðu með tölvupósti innan viku frá ákvörðun stjórnar með umsögn. Samhliða er birt samantekt á vef sjóðsins um styrkt verkefni.

7.2 Samningur

Styrkþegi gerir skriflegan samning við Loftslags- og orkusjóð innan mánaðar frá tilkynningu um styrkúthlutun. Samningurinn er gerður á grundvelli reglugerðar um sjóðinn og skilyrða í handbók þessari og inniheldur meðal annars:

- Lýsingu á verkefni, styrkfjárhæð og styrkhlutfall.
- Tímafrest til að ljúka verkefninu, 12 mánuðir frá tilkynningu um úthlutun.
- Skilyrði um rekstur stöðvar í að lágmarki 5 ár.
- Skyldu til að skila lokaskýrslu og fjárhagsuppgjöri innan tímafrests.
- Ákvæði um endurkröfurétt.
- Ákvæði sem varðar kynningarefni (sjá kafla 8.4).

7.3 Greiðsluskipan

Styrkur greiðist í einni greiðslu eftir:

1. Að hleðslustöð hefur verið sett upp og tekin formlega í notkun.
2. Að lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör hafa verið afhent sjóðnum (sjá kafla 8.2).
3. Að sjóðurinn hefur samþykkt lokaskýrsluna og staðfest að öll skilyrði samnings og styrkveitingar hafi verið uppfyllt.

7.4 Gildistími samnings og framlenging

Styrkur fellur niður ef verkefninu er ekki lokið innan tilgreinds tímafrests, nema samið hafi verið um framlengingu. Beiðni um framlengingu skal vera skrifleg og rökstudd og berast sjóðnum áður en upphaflegur frestur rennur út. Öðrum kosti getur sjóðurinn felld niður styrkvilyrðið án frekari tilkynningar.

8 Skýrslugjöf og eftirfylgni

8.1 Tilkynningarskylda á verktíma

Styrkþegi skal tafarlaust tilkynna sjóðnum ef upp koma aðstæður sem valda töfum, breyttum forsendum eða geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins.

8.2 Lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör

Lokaskýrslu skal skilað innan samningstíma. Hún skal innihalda:

- Greinargerð um framkvæmd verkefnisins, áfangar, frávik og niðurstöður.

- Upplýsingar um gangsetningardag, staðsetningu og tæknilega útfærslu uppsettra stöðva (afl, fjölda tengla o.s.frv.).
- Myndir af uppsettri stöð.
- Sundurliðað fjárhagsuppgjör á móti upphaflegri áætlun.
- Reikninga vegna styrkhæfs kostnaðar og staðfestingar á greiðslum.
- Staðfestingu á að stöðin sé aðgengileg almenningi allan sólarhringinn, aðgengileg hreyfihömluðum og taki við snertilausum greiðslum.

8.3 Eftirlit á rekstrartíma

Á rekstrartímabilinu (5 ár frá gangsetningu) getur sjóðurinn kallað eftir staðfestingu á að stöðin sé í rekstri og uppfylli skilyrði ásamt gögnum um notkun. Styrkþegi skal veita slíkar upplýsingar innan tveggja vikna frá beiðni.

8.4 Kynningarefni og merki sjóðsins

Á öllu útgefnu efni sem tengjast styrktri stöð skal koma fram að verkefnið sé styrkt af Loftslags- og orkusjóði.

8.5 Varðveisla gagna

Styrkþegi skal varðveita öll gögn sem tengjast verkefninu og fjárhagslegri framkvæmd þess í að lágmarki sjö ár frá lokum verkefnisins. Gögnin skulu vera aðgengileg sjóðnum og Ríkisendurskoðun.

8.6 Birting upplýsinga

Loftslags- og orkusjóður birtir nöfn styrkþega, heiti verkefna, stutta lýsingu verkefna og upphæð styrkja á vef Umhverfis- og orkustofnunar.

9 Endurkröfuréttur

9.1 Forsendur endurkröfu

Forsendur styrkveitinga teljast brostnar og sjóðnum er heimilt að ógilda styrkveitingu og krefja styrkþega um endurgreiðslu, að hluta eða heild, ef:

- Styrkur er notaður í annað verkefni en samningur kveður á um.
- Skilyrði styrkveitinga eru ekki uppfyllt, þ.m.t. tæknilegar kröfur.
- Rangar eða villandi upplýsingar voru veittar í umsókn eða skýrslum.
- Stöðin er ekki sett upp innan umsamins tímafrests án samþykktrar framlengingar.

- Rekstur stöðvarinnar er lagður af innan 5 ára frá gangsetningu.
- Styrkþegi sinnir ekki tilkynningar-, skýrslu- eða varðveisluskyldum.

9.2 Hlutfallsleg endurkrafa vegna rekstrarloka

Ef rekstur stöðvar er lagður af innan 5 ára (60 mánaða) frá gangsetningu án gildra ástæðna getur sjóðurinn krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu. Reiknireglan er:

$$\text{Endurgreiðsla} = \text{styrkur} \times (60 - \text{rekstrarmánuðir}) / 60$$

Stjórn sjóðsins getur vikið frá þessari reglu í undantekningartilvikum, s.s. vegna ófyrirsjáanlegra atburða.

9.3 Lægri kostnaður en áætlað

Ef raunkostnaður verkefnisins reynist lægri en áætlaður styrkhæfur kostnaður lækkar styrkurinn hlutfallslega þannig að styrkhlutfallið helst óbreytt (allt að 50%).

10 Almennar upplýsingar

10.1 Hæfi og vanhæfi

Stjórnarfulltrúar og fagraðsmenn eru bundnir af stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 um hæfi til meðferðar stjórnarsýslumála. Einstaklingar sem tengjast umsækjanda eða hafa hagsmuni af niðurstöðu umsóknar víkja frá meðferð viðkomandi máls.

10.2 Meðferð trúnaðarupplýsinga

Upplýsingar úr umsóknum eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og einungis nýttar í tengslum við meðferð umsóknarinnar. Sjóðurinn birtir þó nöfn styrkþega, heiti styrktra verkefna, stutta lýsingu á þeim og upphæð styrkja. Starfsfólk, stjórnarmeðlimir og fagraðfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu.

10.3 Misferli og rangar upplýsingar

Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að umsækjandi eða styrkþegi hafi veitt rangar eða villandi upplýsingar getur sjóðurinn ógilt styrkveitingu, krafist endurgreiðslu og tilkynnt málið til viðeigandi yfirvalda.

10.4 Tengiliðir og fyrirspurnir

- Allar opnar auglýsingar hjá Loftslags- og orkusjóði eru birtar á www.orkusjodur.is
- Öll umsýsla umsókna og fyrirspurnir vegna einstakra umsókna skulu fara fram í gegnum umsóknarkerfi sjóðsins (www.umsoknir.orkusjodur.is).
- Almennar fyrirspurnir áður en umsóknir eru sendar inn: orkusjodur@uos.is
- „Spurt og svarað“ verður birt á vef sjóðsins en þar má finna svör við algengum spurningum.